LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs-, landbúnaðar-
umhverfis- og auðlindaráðherra

29. nóvember 2013

Landssamband smábátaeigenda hefur fylgst grant með aðgerðum stjórnvalda varðandi síld innan brúar í Kolgrafafirði. Af fréttum að dæma leiddu aðgerðir gærdagsins til þess að síldin hraktist undan höggbylgjum sem framkallaðar voru með knýiefnum.

Með skírskotun í norskar rannsóknir er mikil hætta á dauða hjá fiskum sem verða fyrir höggbylgjum. Sumir drepast samtímis, aðrir lifa í nokkra daga.

Í tilkynningum aðgerðaaðila er sagt að knýiefni sem notuð eru við smölun síldarinnar í Kolgrafafirði séu afar veik og því lítil hætta á framangreindum afleiðingum.
Aðspurðir hafa þeir þó ekki geta fullyrt neitt í þeim efnum.
Þá hefur LS ekki getað fengið upplýsingar um áhrif þessara aðferða á síldina við því sem fram kemur á heimasíðu ANR:

> *„Smölun síldar með djúpsprengjum er þekkt aðferð sem áður var notuð með góðum árangri við nótaveiðar en er nú víðast hvar bönnuð sem veiðiaðferð. Eru því nokkrar vonir bundnar við að hægt sé að hrekja síldina út úr firðinum með þessum hætti.“*

Landssamband smábátaeigenda fer hér með þess á leit við yður að heimila ekki frekari aðgerðir en fram fóru í gær 28. nóvember fyrr en búið er að rannsaka hvaða áhrif höggbylgjur gærdagsins hafa haft á síldina. Beiðnin er sett fram í því skyni að ekki verði rasað um ráð fram þar sem nú þegar er ljóst að hægt er að smala síldinni með fyrrgreindri aðferð og súrefnisskortur getur ekki leitt til dauða síldarinnar á næstu dögum.

Virðingarfyllst,

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri